145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 1598 — 680. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningar) og breytingartillögu á þingskjali 1592.

Frá 2. minni hluta atvinnuveganefndar (LRM).

1. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að fella niður greiðslur til þeirra sem brotið hafa gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga um velferð dýra, nr. 55/2013, með síðari breytingum.
2. Við 12. tölul. brtt. á þskj. 1592 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Jafnhliða skipun samráðshópsins skal ráðherra skipa starfshóp til að meta umhverfisáhrif búvörusamninga samkvæmt aðferðafræði umhverfismats áætlana, sbr. lög nr. 105/2006. Starfshópurinn skili ráðherra umhverfisskýrslu eigi síðar en árið 2019 og verði hún meðal forsendna fyrir endurskoðun búvörusamninga.